

Svar við fyrirspurn

Til: Borgarráðs

Frá: Sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Áhrif vaxtahækkunar Seðlabanka Íslands á skuldastöðu og afborganir lána hjá Reykjavíkurborg

Óskað hefur verið eftir svari fjármála- og áhættustýringarsviðs við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sem barst þann 26. maí sl., um áhrif vaxtahækkunar Seðlabanka Íslands á skuldastöðu og afborganir lána hjá Reykjavíkurborg. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Fulltrúi Flokks fólksins spyr hvaða áhrif hefur vaxtahækkun Seðlabanka Íslands, sem tilkynnt var þann 19. maí 2021 á skuldastöðu og afborganir lána hjá Reykjavíkurborg? Svarið óskast sundurliðað milli A-hluta borgarsjóðs annars vegar og einstakra fyrirtækja Reykjavíkurborgar hins vegar?“

A-hluti borgarsjóðs

Vaxtahækkun Seðlabanka Íslands hefur engin bein áhrif á skuldastöðu A-hluta borgarsjóðs þar sem höfuðstólar lána eru ekki tengdir við stýrivexti Seðlabanka Íslands. Vextir skuldabréfanna eru fastir og nýjar útgáfur í skuldabréfaflokkum taka mið af vöxtum á markaði.

Vextir á yfirdrætti byggjast á vaxtatöflu Landsbanka Íslands og hækkuðu vextir um 0,15% við vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands. Yfirdráttarvextir voru 4,5% og hækkuðu í 4,65%. Þessi hækkun hefur óveruleg áhrif.

Fjárstýringar- og innheimtuskrifstofa kallaði eftir upplýsingum frá B-hluta fyrirtækjum Reykjavíkurborgar og fara svör þeirra hér á eftir.

Faxaflóahafnir

Engar vaxtaberandi skuldir, vaxtahækkun Seðlabanka Íslands hefur engin áhrif.

Félagsbústaðir hf.

Vaxtahækkun Seðlabanka Íslands hefur engin bein áhrif á skuldastöðu Félagsbústaða þar sem höfuðstólar lána eru ekki tengdir við þá stýrivexti Seðlabanka Íslands en þar sem stýrivextir voru hækkaðir til að koma böndum á verðbólgu sem hefur neikvæð áhrif á skuldastöðu Félagsbústaða þar sem nær öll lán félagsins eru verðtryggð má segja að stýrivaxtahækkun hafi jákvæð áhrif á skuldastöðuna.

Félagsbústaðir skulda hins vegar eitt óverðtryggt jafngreiðslulán (annuitet) hjá Íslandsbanka sem ber breytilega vexti. Vextir lánsins taka mið af kjörvöxtum Íslandsbanka sem jafnframt taka mið af stýrivöxtum Seðlabanka Íslands. Íslandsbanki hækkaði óverðtrygga kjörvexti í lok maí um 0,20

prósentustig. Áhrif þessa eru óveruleg á afborgunarhluta lánsins en vaxtagreiðslur þess geta hækkað um 60 þús. kr. mánaðarlega.

Malbikunarstöðin Höfði

Er ekki að greiða af lánum, vaxtahækkun Seðlabanka Íslands hefur engin áhrif.

Orkuveita Reykjavíkur

Af vaxtaberandi skuldum samstæðunnar eru alls 11,9 ma.kr. (7,4% af heildar vaxtaberandi skuldum samstæðunnar) sem bera óverðtryggða vexti. Stýrivaxtahækkun Seðlabankans getur haft óbein áhrif á vaxtagjöld vegna þessara skulda, t.d. til framtíðar í skuldabréfaútboðum innanlands en Orkuveitan fjármagnar sig að miklu leyti með þeim hætti í dag. Þannig hefur vaxtaákvörðunin óbein áhrif til hækkunar á ávöxtunarkröfu óverðtryggðrar skuldabréfaútgáfu sem leiðir til verri fjármögnunarkjara á markaði.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.

Er með tvö lán hjá Lánasjóði sveitarfélag. Bæði lánin erum með fasta vexti út lánstímann, því mun vaxtabreyting á markaði ekki hafa áhrif á skuldastöðu SHS.

Strætó bs.

Er með tvö lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem eru verðtryggð með fasta vexti út lánstímann, vaxtahækkun Seðlabanka Íslands hefur engin áhrif.

SORPA bs.

Sorpa bs. er með lán við Lánasjóð sveitarfélaga (LS) og við Íslandsbanka. Lán við LS eru ýmist verðtryggð eða óverðtryggð með föstum eða breytilegum vöxtum. Óverðtryggð lán með föstum vöxtum taka ekki breytingum á lánstímanum.

Verðtryggð lán:

Þar sem vaxtahækkun Seðlabankans er til þess gerð að sporna við verðbólgu í samfélaginu og stemma stigu við hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar er ekki gert ráð fyrir að vaxtahækkunin hafi áhrif á lán og afborganir félagsins umfram venjubundna hækkun vísitölnnar. Ef aðgerðir Seðlabanka ná árangri hægist á hækkun vísitölnnar sem leiðir af sér að verðbætur lánanna verða lægri en verið hefur undanfarna mánuði.

Lán með breytilegum vöxtum:

Breytilegir vextir LS stýrast af þeirri kröfu sem þeim bjóðast á skuldabréfamarkaði. Við síðustu ákvörðun 01.05.2021 varð engin hækkun/lækkun og breytilegir vextir stóðu í stað. Næsta ákvörðun verður þann 01.08.2021 og óvíst hvort og þá hversu mikið breytilegir vextir þeirra muni hækka/lækka.

Eitt lána samlagsins er hjá Íslandsbanka að fjárhæð mkr. 867, sem er óverðtryggt en með breytilegum vöxtum. Vextir eru ákvarðaðir REIBOR 1M + 2 punktar sem voru 3,038% áður en hafa hækkað í 3,25% frá miðjum maí 2021.

| Vextir áður | | 3,04% | | | |
|-------------|-------------|-------------|-------------------|-------------|------------------|
| | Höfuðstóll | Afborgun | Vextir | Greiðsla | Höfuðstóll e. gr |
| 5.12.2021 | 866.666.668 | 33.333.333 | 13.164.667 | 46.498.000 | 833.333.335 |
| 5.6.2022 | 833.333.335 | 33.333.333 | 12.658.333 | 45.991.666 | 800.000.002 |
| 5.12.2022 | 800.000.002 | 33.333.333 | 12.152.000 | 45.485.333 | 766.666.669 |
| 5.6.2023 | 766.666.669 | 33.333.333 | 11.645.667 | 44.979.000 | 733.333.336 |
| 5.12.2023 | 733.333.336 | 33.333.333 | 11.139.333 | 44.472.666 | 700.000.003 |
| 5.6.2024 | 700.000.003 | 33.333.333 | 10.633.000 | 43.966.333 | 666.666.670 |
| 5.12.2024 | 666.666.670 | 666.666.670 | 10.126.667 | 676.793.337 | - |
| | | | 81.519.667 | | |

| Vextir nú | | 3,25% | | | |
|-----------|-------------|-------------|-------------------|-------------|------------------|
| | Höfuðstóll | Afborgun | Vextir | Greiðsla | Höfuðstóll e. gr |
| 5.12.2021 | 866.666.668 | 33.333.333 | 14.083.333 | 47.416.666 | 833.333.335 |
| 5.6.2022 | 833.333.335 | 33.333.333 | 13.541.667 | 46.875.000 | 800.000.002 |
| 5.12.2022 | 800.000.002 | 33.333.333 | 13.000.000 | 46.333.333 | 766.666.669 |
| 5.6.2023 | 766.666.669 | 33.333.333 | 12.458.333 | 45.791.666 | 733.333.336 |
| 5.12.2023 | 733.333.336 | 33.333.333 | 11.916.667 | 45.250.000 | 700.000.003 |
| 5.6.2024 | 700.000.003 | 33.333.333 | 11.375.000 | 44.708.333 | 666.666.670 |
| 5.12.2024 | 666.666.670 | 666.666.670 | 10.833.333 | 677.500.003 | - |
| | | | 87.208.334 | | |

Niðurstaða:

Breytingar á verðtryggðum skuldum og afborgunum lána SORPU bs. taka hefðbundnum hækkunum í takt við vísitölu til verðtryggingar. Vaxtahækkun Seðlabankans hefur óbein áhrif á skuldastöðu og afborganir slíkra lána í gegnum áhrif á vísitöluna. Greiðslur lána með breytilegum vöxtum taka breytingum vegna hækkunar á vaxtaþrósentu REIBOR sem tengist beint vaxtahækkun Seðlabanka Íslands eins og sést á töflunni hér að framan.



Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs.